

426. fundur fræðslunefndar
haldinn í fundarsal bæjarstjórnar í Stjórnsýsluhúsinu á Ísafirði, 15. apríl 2021 og hófst hann kl. 08:10.

Fundinn sátu:

Hafdís Gunnarsdóttir var fjarverandi en í staðinn sat fundinn Steinunn Guðný Einarsdóttir, Kristján Þór Kristjánsson varaformaður, Jónas Þór Birgisson aðalmaður, Nanný Arna Guðmundsdóttir aðalmaður og Magnús Einar Magnússon aðalmaður.

Embættismenn:

Guðrún Birgisdóttir, skóla- og sérkennslufulltrúi.

Fundargerð ritaði: Guðrún Birgisdóttir, skóla- og sérkennslufulltrúi.

Dagskrá:

1. Verkefnalisti fræðslunefndar 2020-2021 - 2020090032

Kynnt staðan á verkefnalista fræðslunefndar.

Lagt fram til kynningar.

2. Starfsáætlanir og skýrslur grunnskóla Ísafjarðarbæjar starfsárið 2020-2021 - 2020110059

Lögð fram starfsáætlun grunnskólans á Þingeyri fyrir skólaárið 2020-2021.

Lagt fram til kynningar

3. Reglur um endurgreiðslu kostnaðar vegna slysa og tjóna er börn verða fyrir í skipulögðu starfi á vegum Ísafjarðarbæjar - 2021030116

Lagðar fram til samþykktar reglur um endurgreiðslu kostnaðar vegna slysa og tjóna er börn verða fyrir í skipulögðu starfi á vegum Ísafjarðarbæjar, auk minnisblaðs Bryndísar Óskar Jónsdóttur, sviðsstjóra stjórnsýslu- og fjármálasviðs, dags. 29. mars 2021, vegna málsins.

Á 1148. fundi bæjarráðs, þann 12. apríl 2021, vísaði bæjarráð málinu til umsagnar nefndarinnar.

Fræðslunefnd gerir ekki athugasemdir við reglurnar og leggur til að reglurnar verði samþykktar.

4. Innlend matvæli í skólamáltíðir - áskorun til sveitarfélaga - 2021030070

Á 1146. fundi bæjarráðs, þann 22. mars 2021, var lagt fram til kynningar bréf Vigdísar Häsler, framkvæmdastjóra Bændasamtaka Íslands, dags. 16. mars 2021, með áskorun til sveitarfélaga um að nota innlend matvæli í skólamáltíðir.

Bæjarráð vísaði málinu til fræðslunefndar.

Fræðslunefnd tekur vel í ábendinguna og þakkar fyrir bréfið.

5. Ósk um fá viðbótartíma í sérkennslu fyrir Grunnskólann á Suðureyri - 2021040020

Kynnt beiðni frá Jónu Benediktsdóttur skólastjóra grunnskólans á Suðureyri, dagsett 8. apríl 2021, er varðar ósk um að fá tíu viðbótartíma í sérkennslu fyrir Grunnskólann á Suðureyri.

Fræðslunefnd felur starfsmönnum skóla- og tómstundasviðs að vinna áfram með málið.

6. Skóladagatal Tónlistaskóla Ísafjarðar fyrir skólaárið 2021-2022 - 2021040021

Lagt fram skóladagatal Tónlistarskóla Ísafjarðar fyrir skólaárið 2021-2022.

Lagt fram til kynningar.

Fleira ekki gert. Fundi slitið kl. 09:02

Steinunn Guðný Einarsdóttir

Kristján Þór Kristjánsson

Jónas Þór Birgisson

Nanný Arna Guðmundsdóttir

Magnús Einar Magnússon

Guðrún Birgisdóttir